

JARÐVÆTTI VIÐ ÞJÓÐVEGINN

1-2 DAGA FERÐ

Fjölmargir þekktir áfangastaðir eru innan Kötlu jarðvangs og er fjölbreytileiki þeirra mikill og allir ættu að geta fundið eitthvað fyrir sig. Innan jarðvangsins eru fjölmargar eldstöðvar, tignarleg fjöll, fagrir fossar, mosavaxin hraun og stórar fjörur. Jarðvættin sem talin eru upp hér eru öll nálægt þjóðvegi 1 og er aðgengi að þeim flestum mjög gott og fært fyrir flesta. Þá eru einnig fjölmörg önnur jarðvætti innan jarðvangsins, sem og sýningar og söfn, sem við hvetjum fólk til að kíkja á í leiðinni. Dagsferðin nær á milli Víkur og Kirkjubæjarklausturs og tekur rúmlega 2 klst að keyra leiðina, en bætist við tíminn sem stoppað er á hverjum stað. Gaman getur verið að sameina þessa leið öðrum leiðum um jarðvanginn, t.d. fossaferðinni, og þá gera ferðina að tveggja til þriggja daga ferð. Nóg er af litlum hótelum og tjaldsvæðum innan leiðarinnar, ásamt nokkrum sundlaugum og annarri afþreyingu. Fyrir frekari upplýsingar er hægt að kíkja inn á www.Katlageopark.is.



Vík í Mýrdal

Margt hægt að gera í Vík, en við mælum með sýningunum hjá Lava show og Kötluasetri, og fyrir meiri útiveru þá er hægt að fara í zip line íceland eða reiðtúr. Þá er alltaf gaman að kíkja í Víkurfjöru og í Vík er bæði tjaldstæði og sundlaug.



Hjörleifshöfði

Hjörleifshöfði er einn fegursti móbergsstapi á Íslandi og með merka sögu. Lítið bílastæði er vestan megin við höfðann og byrjar gönguleið upp á höfðann þaðan. Þá er einnig þess virði að ganga eða keyra suður fyrir höfðann, en þar er stór móbergshellir.



Laufskálavarða

Er hraunhryggur með vörðupyrpingum allt í kring, en sagan segir að hver sá sem fór í fyrsta sinn um Mýrdalssand skyldi hlaða þar vörðu sér til fararheilla. Hryggurinn er á milli Hólmsár og Skálmar, við þjóðveginn norðan byggðar í Álftaveri, og er glæsilegt útsýni þaðan yfir fjöllin í kring.



Fjaðrárgljúfur

Er stórt og mikið gljúfur með fallegum móbergs myndunum og rennur áin Fjaðrá þar nú í gegn. Móbergið sjálf er um 2 milljón ára gamalt, en gljúfrið var grafið af jökulá við lok síðasta jökulskeiðs. Gönguleið er meðfram gljúfrinu og er útsýnið stórkostlegt.



Landbrotshólar

Eru gervígabýrping sem myndaðist í gosinu úr Eldgjá í kringum árið 939. Landbrotshólarnir urðu til þegar hraun rann yfir mýrlendi, en þá myndast mikill gufuþrústingur undir hrauninu sem á endanum brýst í gegnum hraunið og myndar gervígiga. Hægt er að ganga að sumum gígum og eru nokkrir þeirra holir að innan.



Kirkjubæjarklaustur

Kirkjubæjarklaustur er umkringgt mikilli náttúruvegurð, og er m.a. nokkrar fallegir fossar í næsta nágrenni og mikið af gönguleiðum í kring sem liggja um sögufræg svæði. Bæði sundlaug og tjaldsvæði eru við þorpið og við mælum einnig með að kíkja við í Skaftárstofu.

Systrastapi

Er fallegur stapi vestan við Kirkjubæjarklaustur þar sem legstaður tveggja klaustursystra á að vera. Stöðuvatn er ofan á fjallsbrúninni við Klaustur, sem nefnist Systravatn og úr því rennur áin Fossá. Í Fossá er fossinn Systrafoss sem fellur fram af fjallsbrúninni og sést vel úr þorpinu.

Kirkjugólf

Kirkjugólfið er rétt norðan Kirkjubæjarklausturs. Þetta er u.þ.b. 80 m² jökul- og brimsorfinn stuðlabergsflötur, þar sem sést ofan á lóðréttar blágrýtissúlur og gefur öðruvísi og skemmtilegt sjónarhorn á stuðlabergið. Þarna hefur þó aldrei staðið kirkja en það er engu öðru líkara en flöturinn hafi verið lagður af manna höndum.

Dverghamrar

Dverghamrar eru skammt austan við Foss á Síðu. Þetta eru sérkennilegir og fagurlega formaðir stuðlabergshamrar úr blágrýti. Landslagið er talið hafa fengið á sig þessa mynd við lok ísaldar. Þá var sjávarmál hærra og er talið að brimsvörfun hafi valdið þessu sérkennilega útliti hamranna.

Lómagnúpur

Lómagnúpur er 767 m hátt standberg sem gnæfir yfir suður úr Birninum vestan Núpsvatna á Skeiðarásandi. Vestan við hann stendur bærinn Núpsstaður, en stórbrotið umhverfi Núpsstaðar og Lómagnúps er vel þekkt. Eldgos, jöklar og vötn hafa mótað umhverfið auk þess að skapa fjölbreyttar og einstakar jarðmyndanir.